

Námsáætlun fyrir textílmennt - 7. bekkur
skólaárið 2025 – 2026



Kennari: Birna Petrína Sigurgeirsdóttir
Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálf t. skólaárið.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Verklag	-beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar -geta unnið úr fjölbreyttum textílefum -unnið með einföld snið og uppskriftir -geta þekkt mikilvægi viðeigandi líkamsstöðu og geti beitt líkamanum rétt við vinnu sína -geta sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði	Vélsaumur – nemendur sníða og sauma inniskó. Endurvinnsluverkefni, nemendur hanna og sauma flík eða nytjahlut út frá eigin hugmyndum upp úr gömlum fatnaði. Efnisfræðiverkefni, nemendur læra um gerviefni sem notuð eru til að búa til textíl. Sjónabókarverkefni – nemendur læra um íslensku sjónabókarhandritin sem varðveitt eru á Þjóðminjasafni Íslands, vinna verkefni sem tengist munsturgerð að eigin vali upp úr munstrunum sem bókin <i>Íslensk sjónabók</i> inniheldur. Nemendur ganga frá eftir sig í lok hvers tíma.	Kennari sinnir leiðsagnarmati við verkefnavinnu nemenda. Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu. Metin er hæfi til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð.

Sköpun, hönnun og tækni	-geta þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli -geta notað fjölbreyttar aðferðir að eigin vali við skreytingu textílaferða -geta útskýrt eigið verk og notað til þess hugtök greinarinnar -geta nýtt hugbúnað við hönnun eigin mynsturs eða myndefnis fyrir textílvinnu -geta nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um hugmyndavinnu, hönnun og útfærslu á þeim	Endurvinnsluverkefni. Sjónabókaverkefni. Púði eða taska. Munsturgerð fyrir verkefnavinnu. Notast er við netmiðla við hugmyndavinnu og myndbönd af youtube tengd efnisfræði skoðuð. Bækur um textíla og textílverk nýttar í verkefni.	Metin er hugmyndavinnna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.
Menning og umhverfi	-geta fjallað um efnisfræði svo sem eiginleika náttúruafna og gerviefna -geta skilið helstu tákn og merkingar textílefnar -geta nýtt endurunnin efni í textílvinnu og gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum -geta greint og fjallað um hefðir í textílvinnu á Íslandi og sett í samhengi við sögu	Nemendur vinna með náttúruleg efni og gerviefni í verkefnum sínum. Endurvinnsluverkefni. Sjónabókarverkefni – munsturgerð í íslenskum textílverkum og hönnunarvörum skoðar.	Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefum og eiginleikum þeirra. Metin er skilningur nemenda á áhrifum textíls á umhverfi okkar í sögulegu og menningarlegu samhengi.

		Myndbönd/ umræður - nemendur læra um íslensku ullina, helstu eiginleika hennar og þýðingu hennar fyrir íslensku þjóðina í gegnum tíðina.	
Námsgögn: Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.			
Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi ásamt bókstafseinkunn í lokin.			